



Forvarnastefna Dalabyggðar 2025 – 2027

Forvarnastefna Dalabyggðar miðar að því að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna að 18 ára aldri. Lögð er áhersla á fjölskylduna, skólann, skipulagt félagsstarf og barnvænt og heilsueflandi samfélag. Þá leggur forvarnastefnan einnig áherslu á jöfn tækifæri barna, samkennd og vellíðan, heilbrigðan lífsstíl og sterka sjálfsmynd.

Lykilaðilar í forvörnum eru sveitarfélagið, Auðarskóli, félagsmiðstöðin, foreldrafélag, félagsþjónustan, heilsugæsla, íþróttafélög, lögreglan, slökkvilið, félagasamtök, ungmennaráð og lýðheilsufulltrúi.

Markmið með forvarnastefnu

Lykilaðilar í forvörnum í Dalabyggð skilgreina hlutverk sitt á þessu sviði og setja sér stefnu í forvörnum sem er í samræmi við forvarnastefnu Dalabyggðar. Í forvarnastefnunni skal meðal annars koma fram hvernig framkvæmd hennar sé háttáð, auk þess sem meginmarkmið Dalabyggðar þurfa einnig að nást.

Markmið forvarnastefnu Dalabyggðar eru eftirfarandi:

- Áhersla á að auka markvisst forvarnastarf og samstarf þeirra sem koma að málefnum barna og ungmenna.
- Stuðningur við þá starfsemi sem kemur að barna-, ungmenna og fjölskyldustarfi á einn eða annan hátt.
- Að forvarnir verði skipulagður þáttur í starfi félaga og stofnana sem koma að málefnum barna og unglunga í sveitarfélaginu.
- Auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum og annarri áhættuhegðun.

Lykilaðilar skulu hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- Vinna að því að styrkja og efla samskipti, sjálfsmynd barna og sjálfstæði.
- Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, til dæmis með námskeiðum, fundum og fræðsluefni sem og samráði og samvinnu þeirra á milli þar sem foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum.



- Að efla uppeldis- og forvarnahlutverk íþróttafélaga og annarra félaga sem starfa með börnum og unglíngum.
- Að þátttaka, ábyrgð og virkni séu lykilorð í starfi félagsmiðstöðva ungs fólks. Þar skal unnið að viðfangsefnum sem styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Félagsmiðstöðvar skulu sérstaklega reyna að ná til þeirra sem ekki stunda annað skipulagt tómstundastarf.
- Að stuðla að fræðslu um forvarnir, kynheilbrigði og lýðheilsu sem víðast í sveitarfélaginu, svo sem í skólum og á vinnustöðum.
- Að foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, meðal annars með fræðslufundum og samstarfsfundum.
- Að unnið verði náið að forvarnastarfi með lögreglu.
- Að haft verði samráð við börn og ungmenni í sveitarfélaginu sem nýtist til stefnumótunar og að meta hvernig tekist hefur til í forvarnastarfinu.

Framkvæmd

Meðlimir forvarnahóps Dalabyggðar munu hafa eftirlit og yfirumsjón með framkvæmd forvarnastefnunnar. Haldnir verða reglubundnir samstarfsfundir þar sem þeir sem vinna að barnvænu sveitarfélagi, forvörnum-, lýðheilsu-, og uppeldismálum, miðla upplýsingum og undirbúa samstarfsverkefni.

Fræðsluáætlun skal unnin að hausti.

- Félög sem sinna íþrótt- og æskulýðsmálum og njóta styrkja frá sveitarfélaginu geri forvarnaáætlanir og sinni forvörnum með markvissum hætti og félögin skili inn til forvarnahóps Dalabyggðar.
- Allar samkomur og skemmtanir sem börn hafa aðgang að skulu vera vímuefnalausar. Þær eiga að vera á forsendum barna og í forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum í húsnæði við hæfi.
- Markvisst verður boðið upp á kynfræðslu í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.
- Forvarnahópur fundi með ungmennaráði a.m.k. einu sinni á ári.
- Styðja við virkni barna og ungmenna með fjölbreyttu framboði íþrótt- og tómstundastarfs.
- Samstarf og samráð skal haft á milli lykilaðila og forvarnahóps um fræðslu fyrir börn og forsjáraðila.
- Vekja skal athygli á útivistartíma barna.

Samþykkt í félagsmálanefnd Dalabyggðar þann 15. 01. 2025.